

1869.
12. maí.

sinni fyrir jörðinni enn þá eitt ár, þó hann hafi ekki getað stadið í skilum fyrir landskulddinni eða nokkrum hluta hennar, og veitir stjórnarráðið stiptamtinu þá heimild til, þegar fengnar hafa verið skýrslur þær, sem með þarf um það efni, að veita slíka lenging á byggingarréttinum.

13. maí.

43. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um frest á borgun uppí kornlán.

Í bréfi dagsettu 28. janúarmán. þ. á. með fylgiskjali hafið þér, herra amtmáður, sókt um samþykki dómsmálastjórnarinnar til þess, að þér, samkvæmt bænarskrá til yðar frá hreppstjórnunum í Glæsibæjar, Skriðu og Arnarness hreppum í Eyjafjarðarsýslu, til bráðabirgða hafið veitt tæðum hreppum frest til 1. janúarmán. 1870 á að borga sjöunda hlutann uppí skuld þá, sem á þeim hvílir fyrir kornmat, er þeir höfðu fengið, samtals 85 tunnum, af þeim 500 tunnum af rúgi, er sendar voru að ráðstöfun stjórnarráðsins til Hofsóss haustið 1867, á þann hátt að þeir 1. janúarmán. 1870 greiði sjöunda hluta skuldarinnar og leigur fyrir eitt ár og hálft annað missiri.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þér gjörið ráðstafanir þær, sem með þarf, að stjórnarráðið, afleiðinganna vegna og af því engin sérstakleg ástæða er til að veita tæðum hreppum þessa ívilnan, álitur sér ekki fært að veita samþykki það, sem um er beðið.

13. maí.

44. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um afgjöld af konungsjörðum og þurra-búðum á Vestmannaeyjum.

Með bréfi dagsettu 3. septembermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað í útleggingu bænarskrá, er komið

hafði til alþingis árið 1867, og það hafði vísað til stiptamtsins. Í bænarskrá þessari fara nokkrir búendur á Vestmannaeyjum þess á leit, að afgjaldið af öllum konungsjörðum og þurrabúðum þar á eyjunum verði framvegis greitt annaðhvort eptir meðalverði allra meðalverða eða eptir verlagsskrár verðlagi á saltfiski, í stað þess að það nú er goldið eptir verðlagsskrár verðlagi á hörðum fiski. Bænarskrá þessi er sèr í lagi byggð á því, að með því að það nú sè orðið almennt að verka fiskinn, sem fiskast á Vestmannaeyjum, sem saltfisk, í stað þess að hann áður var verkaður sem harður fiskur, þá virðist það vera bæði óeðlilegt og ósanngjarnt að reikna jarðarafgjöldin eptir verðlagi á hinni síðar nefndu vörutegund, sem jafnaðarlega ekki er lengur til.

Þar sem nú að yðar álit, herra stiptamtmaður, ekki getur komið til orða, að því er snertir Vestmannaeyjar, þar sem verðið á jörðunum er komið undir verðlaginu á þeim tveimur aðal-vörutegundum, sem aflast með fiskiveiðum og fuglatekju, að fallast á þá uppástungu, sem gjörð hefir verið um, að setja meðalverð allra meðalverða í staðinn fyrir verðlagið á hörðum fiski, þá mæli aptur meira fram með hinni uppástungunni, að reikna jarðarafgjöldin eptir verðlagi á saltfiski, því að sú vörutegund sè í sama flokki í verðlagsskránni, og sè ekki að eins skyldust harða fiskinum, heldur sè sama varan, veruð á annan hátt. Verðlagið á þessum tveimur tegundum af fiski sè því mjög sjaldan misjafnt, svo neinu muni; mismunurinn á þeim verði eptir meðalverðlagi á Vestmannaeyjum í seinustu í 48 ár ekki meiri en svo, að meðalverðlagið á hörðum fiski verður 19^{11/16} skild. og á saltfiski 19 skildingar. Með því að saltfiskurinn samt sem áður á seinni árum er orðinn aðal-verzlunarvaran, sè menn að mestu leyti hættil að verka harðan fisk á Vestmannaeyjum, og af því hafi orsakast, að hin síðar nefnda vörutegundin, sem samt enn sem fyr er algengasta fæðan á Íslenzkum heimilum, hafi hækkað í verði meir að tiltölu en saltfiskur. Þó er þessi misjöfnuður, eptir því sem þér hafið skýrt frá, herra stiptamtmaður, ekki staðfastari en svo, að eptir verðlagsskránni, sem gildir á Vestmannaeyjum, var árið 1865—66 sama verðlag á hörðum fiski og saltfiski, og árið 1866—67 var það

1869.
13. maí.

1869.
13. maí.

jafnvel lægra, en aptur hefir það árin 1867—68 og 1868--69 verið talsvert hærra, og það má ætla, eð fiskimennirnir muni smátt og smátt læra aptur að verka þann harða fisk, sem þeir þurfa til heimilisins, eða að hafa saltfisk til fæðis á heimilum sínum í staðinn fyrir harðan fisk, og ef það kæmist á, mundi verðlagið á hörðum fiski, að yðar hyggju, eins opt verða lægra eins og hærra en verðlagið á saltfiski, en jafnaðarlega verða þar á borð við. Með því að mismunur sá, sem nú á sér stað á verðlaginu á þessum tveimur vörutegundum, samkvæmt þessu ekki verður álitinn að vera nema um stundarsakir, þá er það álit yðar, herra stiptamtmaður, að það mundi hvorki vera hagfelt, nè leiguliðunum fortakslaust í hag, að koma á þeirri breytingu á gjaldmátanum, sem nú er, að afgangurinn verði framvegis reiknuð eptir verðlagi á saltfiski. Samt sem áður hafð þér vakið máls á, að þegar svo beri við, að laus jörð á Vestmannaeyjum verður ekki byggð fyrir sama afgangur, sem hingað til, þá kynni að vera ástæða til að veita stiptamtinu heimild til að samþykkja, að slík jörð verði byggð með þeim kjörum, að afgangurinn verði goldið eptir verðlagsskrár verðlagi á saltfiski, eða eptir meðalverði hennar á fiski, eða loksins helmingurinn eptir öðru hvoru þessu verðlagi, og hinn helmingurinn eptir verðlaginu í verðlagsskránni á fiðri.

Nú er stjórnarráðið hefir íhugað málefni þetta, og skrifazt á um það við reikningastjórnardeild konungsríkisins, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörði það, að stjórnarráðinu hefir þókt þeim mun minni ástæða til að taka ofan nefnda bænarskrá til greina, sem það er augljóst eptir því, sem þér einnig hafð skýrt frá, herra stiptamtmaður, að, þó að afgangurinn af jörðunum á Vestmannaeyjum framvegis verði reiknuð eingöngu eptir verðlagi á hörðum fiski, þá verða þau samt engan veginn of há, eins og það líka ætti miður vel við nú að fara að gjöra breytingu á þessum gjöldum.